



Skrifstofa Alþingis

Nefndasvið / skjalaskráning

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Garðar Garðarsson hrl.	Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.	Viðar Lúðvíksson hrl.
Grímur Sigurðsson hrl.	Ívar Pálsson hdl.
Daníel Isebarn Ágústsson hdl.	Tómas Hrafn Sveinsson hdl.
Jóna Björk Helgadóttir hdl.	Ingunn Agnes Kro hdl.
Bjarki Þór Sveinsson hdl.	Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.

Reykjavík, 17. maí 2010.

**Efni: UMSÖGN SAMKAUPA HF. UM FRUMVARP TIL BREYTINGA Á SAMK.LÖGUM .
ÞSKJ. 963 – 572. MÁL**

I. ÁKVÆÐI 1. GR. UM MÁLSKOTSGJALD / 3. GR. UM SAMRUNAGJALD

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kærur til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja 200.000 kr. málskotsgjald, sem renni í ríkissjóð. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að fjöldi kæra til áfrýjunarnefndar hafi aukist mjög auk þess sem svokallað áfrýjunarhlutfall hafi snarhækkað. Af hálfu Samkaupa er litið svo á að leiðin til þess að fá ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins endurskoðaðar af æðra stjórnvaldi skuli vera greið, þar sem iðulega geti verið um mjög íþyngjandi ákvarðanir að ræða. Kostnaður við endurskoðun dómstóla sé ærinn og því sé eðlilegt að aðilar geti fengið ákvörðun Samkeppniseftirlitsins endurskoðaða hjá æðra stjórnvaldi án kærugjalds.

Verði kæranda gert að greiða sérstakt málskotsgjald telur Samkaup eðlilegt að gjaldið endurgreiðist ef málið vinnst að verulegu leyti fyrir nefndinni, svo sem m.a. er um málskotsgjald til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála samkvæmt lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. einnig 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um nefndina.

Að mati Samkaupa er samrunagjald það sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins annars eðlis og leggst félagið ekki sérstaklega gegn því.

II. ÁKVÆÐI 2. GR. UM HEIMILD TIL BREYTINGAR SKILYRÐA OG TIL UPPSKIPTINGAR

A. liður.

Í frumvarpinu er lagt til að í a. lið 16. gr. samkeppnislaga komi inn heimild til þess að breyta þeim fyrirmælum sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fram með ákvörðunum sínum, ef háttsemi hlutaðeigandi fyrirtækis, eftir að ákvörðunin hefur verið tekin, gefur tilefni til slíkra breytinga. Með þeirri breytingu sem þarna er lögð til er í raun verið að færa Samkeppniseftirlitinu heimild til þess að breyta ákvörðun og bæta skilyrðum við ákvörðun, eftir að hún hefur verið tekin, ef fyrirtæki brýtur fyrirmæli Samkeppniseftirlitsins.

Við töku stjórnsluákvörðunar ber Samkeppniseftirlitinu, líkt og öðrum stjórnvöldum, að sinna rannsóknarskyldu sinni og upplýsa mál á þann hátt að unnt sé að taka ákvörðun í málinu. Samkaup líta svo á að atvinnulífið eigi að geta treyst því, þegar ákvörðun hefur verið tekin, að hún sé endanleg ákvörðun frá viðkomandi stjórnvaldi. Sú ákvörðun verði ekki endurskoðuð nema ef almenn skilyrði fyrir endurupptöku hennar séu fyrir hendi, eða að henni verði hnekk af æðra stjórnvaldi eða dómstólum. Samkeppniseftirlitið eigi hins vegar ekki að geta bætt við eða breytt eldri ákvörðunum sínum án þess að skilyrðum stjórnslulaga um endurupptöku og eftir atvikum afturköllun séu fyrir hendi, ekki frekar en önnur stjórnvöld.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um þetta ákvæði: „Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að Samkeppniseftirlitið geti breytt skilyrðum fyrir því að heimila samruna ef forsendur hafa breyst og skilyrðin tryggja ekki lengur virka samkeppni, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 6/2007.“ Samkaup vekja athygli á því að í tilvitnuðu máli áfrýjunarnefndar var sérstök endurskoðunarheimild og málið snerist um beitingu hennar. Áfrýjunarnefnd sagði í niðurstöðu sinni : „Samkeppniseftirlitið getur ávallt tekið nýja ákvörðun *í máli áfrýjanda* ef telja má að forsendur sáttarinnar hafi breyst þannig að virk samkeppni sé ekki lengur fyrir hendi, *svo sem gert er ráð fyrir í sáttinni*“. Þannig er að í úrskurðinum vísað til þessarar sérstöku endurskoðunarheimildar í sáttinni og að mati Samkaupa er alls ekki hægt að draga þá almennu ályktun af úrskurði nefndarinnar nr. 6/2007, að Samkeppniseftirlitinu sé almennt séð heimilt að bæta við skilyrðum að vild, eftir að ákvörðun eftirlitsins hefur fallið, svo sem reifað er í greinargerð með frumvarpinu. Úrlausn málsins er að mati Samkaupa byggð á þeirri sérstöku aðstöðu sem var uppi í málinu, sem var sérstök endurskoðunarheimild í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Að mati Samkaupa hefur áfrýjunarnefndin þvert á móti litið svo á að slík heimild til að setja viðbótarskilyrði vegna brota fyrirtækja á fyrirmælum Samkeppniseftirlitsins sé ekki fyrir hendi, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 2/2010 frá 28. apríl 2010, þar sem felld voru úr gildi viðbótarskilyrði sem Samkeppniseftirlitið hafði sett Símanum hf.

Með vísan til framangreinds leggjast Samkaup gegn umræddri tillögu frumvarpsins um almenna heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að setja viðbótarskilyrði í tengslum við brot fyrirtækja á ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Um viðurlög við brotum fyrirtækja á

ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins er að mati Samkaupa fjallað á fullnægjandi hátt í IX. kafla laganna.

B. liður.

Hér er lagt til að Samkeppniseftirlitið hafi heimildir til þess að skipta upp fyrirtækjum eða fyrirskipa „breytingar á skipulagi fyrirtækja“, án þess að fyrirtækin hafi gerst sek um brot á samkeppnislögum, en brot á bannreglum er skilyrði afskipta af skipulagi fyrirtækja samkvæmt núgildandi ákvæði. Er lagt til að þessi heimild sé sett inn í samkeppnislögin með því að vísa til „aðstæðna“ sem grunn að afskiptum SE af skipulagi fyrirtækja, en ekki eingöngu „háttsemi“ og brota á bannákvæðum samkeppnislaga.

Samkaup geta fallist á þau sjónarmið að í algjörum undantekningartilvikum skuli eftirlitsstofnanir hafa heimild til þess að skipta upp fyrirtækjum. Slík heimild er nú í gildandi samkeppnislögum í 2. mgr. 16. gr. laganna og er það ákvæði í samræmi við heimildir norrænna samkeppnisyfivalda, m.a. í Noregi, en norska ákvæðið er efnislega samhljóða gildandi ákvæði.

Í frumvarpinu er lagt til að uppskiptingarheimild Samkeppniseftirlitsins sé nú víkkuð út með þeim hætti, að uppskipting sé ekki aðeins heimil með vísan til háttsemi sem brýtur gegn bannreglum laganna, heldur einnig með vísan til „aðstæðna“. Ekki er afmarkað frekar við hvers konar aðstæður heimildin verði virkt, heldur eingöngu gerð tilraun til þess að skýra orðið aðstæður þannig að með því sé „m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa“. Að mati Samkaupa er óæskilegt að hafa jafn íþyngjandi íhlutunarheimild svo opna og illa afmarkaða sem raunin er í frumvarpinu og býður upp á hættu á geðþóttaákvörðunum um dýrmætar eignir eigenda atvinnurekstrar. Eina takmörkunin sem er í raun á beitingu umræddrar heimildar er meðalhófsákvæðið í 3. másl. 2. mgr. 16. gr. Að mati Samkaupa þyrfti að koma skýrt fram í lagaákvæðinu sjálfu að umræddri heimild verði eingöngu beitt í algjörum undantekningartilvikum, en ekki láta þar við sitja að hafa slík ummæli í greinargerð með frumvarpinu. Þar að auki þyrfti að afmarka nánar þær aðstæður sem virkjað gætu uppskiptingarheimild, svo sem markaðshlutdeild yfir ákveðnum mörkum, nánar tilgreind samþjöppun á markaði o.s.frv.

Virðingarfyllst,

f.h. Samkaupa hf.



Jóna Björk Helgadóttir hdl.